

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 7. apríl 2022

Mál nr. S-2066/2021:

Héraðssaksóknari

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Ásta Björk Eiríksdóttir lögmaður*)

Dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. mars 2022, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 14. október 2021 á hendur ákærðu, X, kt. 000000-0000, [...]:

I

„Fyrir neðangreind brot gegn þáverandi stjúpbörnum hennar, A, kennitala 000000-0000, B, kennitala 000000-0000, C, kennitala 000000-0000 og D, kt. 000000-0000, ríkisborgurum [...], á tímabilinu frá apríl 2018 til nóvember 2020:

1. Fyrir mansal en til vara fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga, með því að hafa misnotað A, B, C og D til nauðungarvinnu, er þau voru börn að aldri, en ákærða, sem var gift föður þeirra, útvegaði þeim dvalarleyfi hér á landi, flutti þau hingað til lands, hýsti þau og útvegaði þeim vinnu hjá [...] ehf., kt. 000000-0000, [...], þar sem hún starfaði sem verkstjóri og stýrði daglegum rekstri fyrirtækisins. Ákærða lét börnin A, B og C vinna allt að 13 klukkustundir á dag, 6-7 daga vikunnar, og D í allt að tvær klukkustundir á dag, þrjá daga vikunnar. Laun barnanna, samtals að fjárhæð kr. 16.219.623,- nýtti ákærða í eigin þágu en hún ýmist millifærði peninginn af reikningum þeirra yfir á sína eigin reikninga og greiðslukort, eða lét þau taka fjármuni út úr hraðbönkum og afhenda sér í reiðufé.

Telst þetta varða við 2. tl. 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við a. og b. lið 2. mgr. 27. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 og a. og b. lið 2. mgr. 116. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016.

2. Fyrir brot í nánu sambandi og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í 1. tl. I. kafla ákæru og með því að hafa ítrekað, endurtekið, á

alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt gert lítið úr börnunum og frammistöðu þeirra, kallað þau aumingja, öskrað á þau bæði á vinnustað þeirra í [...] og á heimilum þeirra að [...] og [...], bannað þeim að stunda tómstundir og hitta vini sína, meinað börnunum A og B að fara í framhaldsskóla að grunnskólanámi loknu og haft í hótunum um að senda þau aftur til [...]. Með framangreindu misbauð ákærða börnunum og vanrækti þau andlega og líkamlega og ógnaði heilsu og velferð þeirra og sýndi jafnframt af sér vanvirðandi háttsemi, yfiringang, ruddalegt og ósiðlegt athæfi í þeirra garð.

Telst þetta varða við 1. sbr. 2. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 98. gr. og 1. sbr. 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

II

Fyrir peningþvætti með því að hafa á tímabilinu frá maí 2018 til nóvember 2020 aflað sér, nýtt og leynt ávinningi af brotum samkvæmt 1. tl. I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð kr. 16.219.623.- Nánar til tekið nýtti ákærða ávinninginn í eigin þágu og umbreytti hluta hans, alls 10.786.709 kr. yfir í erlendan gjaldeyri sem hún síðan flutti úr landi til [...] þar sem hann var meðal annars notaður til að fjármagna byggingu húsnæðis í eigu ákærðu þar í landi.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Einnig er þess krafist að haldlagðir fjármunir, sem eru ætlaður ágóði af brotum ákærðu, verði gerðir upptækir, kr. 800.000 (munur nr. [...] í munaskrá [...]), kr. 35.000 (munur nr. [...] í munaskrá [...]) og kr. 1.544.000 sem haldlagðar voru af bankareikningi ákærðu í Landsbankanum 18. mars 2021, allt samkvæmt heimild í 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða henni kr. 9.271.025.- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafa þessi er kynnt ákærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dómurinn ákveði að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu til handa A skv. heimild í 1. mgr. 69. gr. e almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar

vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.

Af hálfu B, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða honum kr. 10.096.413.- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. febrúar 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafa þessi er kynnt ákærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dómurinn ákveði að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu til handa B skv. heimild í 1. mgr. 69. gr. e almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.

Af hálfu Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmans, fyrir hönd C, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða henni kr. 5.852.185.- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. febrúar 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafa þessi er kynnt ákærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dómurinn ákveði að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu til handa C skv. heimild í 1. mgr. 69. gr. e almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.

Af hálfu Jóhannesar Alberts Kristbjörnssonar lögmans, fyrir hönd D, kennitala 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til að greiða henni kr. 3.000.000.- ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. febrúar 2021 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafa þessi er kynnt ákærðu en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. IV kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna, allt til greiðsludags. Þá er gerð krafa um að dómurinn ákveði að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu til handa D skv. heimild í 1. mgr. 69. gr. e almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa réttargæslumanns að viðbættum virðisaukaskatti, að mati dómara eða skv. síðar framlagðri tímaskýrslu.“

Kröfur ákærðu í málinu:

Ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvalds. Til vara krefst ákærða þess að refsing hennar verði ákveðin svo væg sem lög frekast heimila og að gæsluvarðhald sem hún sætti undir rannsókn málsins verði dregið frá dæmdri refsingu að fullri dagatölu. Þá krefst ákærða þess að upptökukröfu ákæruvalds verði hafnað. Hvað bótakröfur brotþola varðar krefst ákærða þess aðallega að kröfum þeirra verði vísað frá dómi en til vara að kröfurnar verði lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærðu þóknunar sér til handa, sem greidd verði úr ríkissjóði.

1

Með bréfi 13. nóvember 2020 óskaði velferðarsvið [...] eftir því að fram færi lögreglurannsókn á meintri barnþrælkun, fjárdrætti og tilfinningalegu/sálrænu ofbeldi ákærðu gagnvart fjórum stjúpbörnum hennar, A, fæddri [...], B, fæddum [...], C, fæddri [...], og D, fæddri [...]. Upphaf málsins var að rekja til þess að faðir barnanna, E, leitaði til F vegna framkomu ákærðu í garð hans og barnanna, en eiginkona F hafði verið starfsmaður í [...], þar sem ákærða starfaði einnig.

Undir rannsókn málsins voru skýrslur teknar af ákærðu, eiginmanni hennar, börnunum fjórum, syni ákærðu og fjölda annarra vitna, þar með töldum allnokkrum fjölda starfsmanna í [...], þar sem ákærða og eiginmaður hennar höfðu starfað og ákærða var sökuð um að hafa haldið börnum hans til nauðungarvinnu.

Þá framkvæmdi lögregla fjármálagreiningu á fjárhag ákærðu, eiginmanns hennar og barnanna. Voru bankareikningar þeirra allra teknir til sérstakrar skoðunar og inn- og útfærði fjármuna af þeim. Þá aflaði lögregla gagna varðandi flutninga E og barna hans hingað til lands [...] og upplýsinga um flugferðir fjölskyldunnar. Enn fremur var aflað gagna um peningasendingar ákærðu og E til [...] og ráðstöfun fjármunanna þar.

Niðurstaða rannsóknar lögreglu var sú að ákærða hefði útvegað börn E til nauðungarvinnu, flutt þau og hýst sér til hagnýtingar. Börnin hafi öll verið látin starfa í [...] á meðan þau voru yngri en 18 ára gömul. Þá taldi lögregla upplýst að ákærða hefði lofað börnunum betra lífi á Íslandi, sótt um dvalarleyfi fyrir þau og föður þeirra, bókað flug fyrir þau og útvegað þeim vinnu og húsnæði. Lögregla taldi jafnframt upplýst að börnin hefðu innt vinnu af hendi í [...] án þess að fá notið launa fyrir. Launin hafi ákærða öll tekið til sín.

Rannsókn lögreglu lauk í júní 2021 og var málið sent héraðssaksóknara til meðferðar 7. júlí það ár. Hinn 14. október 2021 gaf héraðssaksóknari síðan út ákæru í málinu á hendur ákærðu samkvæmt áðursögðu.

2

Við þingfestingu málsins 7. desember 2021 kom ákærða fyrir dóm og neitaði sök, mótmælti upptökkröfu ákæruvalds og hafnaði bótakröfum brotþola. Ákærða áréttaði þessa afstöðu sína í skriflegri greinargerð sinni og við upphaf aðalmeðferðar.

Ákærða kvaðst fyrst hafa komið til Íslands í [...] 2000 sem ferðamaður. Hún hefði þá komist í kynni við G og mál æxlast þannig að þau gengu í hjónaband í lok sumars það ár. Eftir að þau giftust hefði ákærða farið að vinna í fyrirtæki G, [...].

Spurð út í vinnu sína í [...] bar ákærða að í fyrstu hefði hún ekki fengið greidd laun fyrir vinnu sína þar. Eftir að hafa starfað í [...] í rúm tvö ár hefði hins vegar orðið breyting þar á og ákærða farið að fá greidd laun og útgefna launaseðla vegna vinnu sinnar. Spurð um hlutverk sitt hjá [...] svaraði ákærða því til að hún hefði verið hægri hönd G og var á ákærðu að skilja að verkstjórn á vinnustaðnum hefði verið á hennar hendi. Þegar ákærða hefði verið búin að starfa hjá [...] í um sex ár hefði G að mestu verið hættur að mæta til vinnu vegna aldurs og bágrar heilsu. Hann hefði einungis litið inn við og við og stundum fært starfsfólkinu hressingu þegar mikið var að gera.

Ákærða kvaðst hafa haft milligöngu um mannráðningar í [...]. Hún hefði tekið við umsóknum og rætt við þá aðila sem áhuga höfðu á starfi en hún síðan borið það undir G, sem átt hefði lokaorðið, bæði um ráðningu og launakjör. Þá kom fram hjá ákærðu að tímaskráningum starfsfólks hefði verið komið til bókhaldara sem séð hefði um að gefa út launaseðla fyrir hönd fyrirtækisins.

Ákærða sagði þau G hafa haft mismunandi sýn á barneignir en hann hefði átt fimm börn úr fyrri samböndum. Svo fór að þau hefðu ákveðið, í mestu vinsemd, að slíta hjúskap sínum árið 2005. Áður en þau gengu formlega frá skilnaðinum hefði ákærða verið búin að komast í kynni við mann frá [...] á Netinu, H, sem hún hefði farið utan til að hitta. Þegar ákærða hefði snúið til baka hingað til lands hefði hún sagt G frá manninum og þau gengið frá skilnaði sínum í kjölfarið. Ákærða sagðist engar eignir eða fjármuni hafa fengið frá G við skilnaðinn og tók fram að hún hefði engar kröfur gert um slíkt. G hefði hins vegar heitið að styðja hana fjárhagslega eftir að þau væru skilin.

Eftir skilnað þeirra G kvaðst ákærða hafa farið aftur utan og dvalið á [...] um hríð. Hún hefði síðan gengið í hjúskap með H. Á því tímabili hefði hún orðið ólétt og eignast

son, I. Ákærða hefði síðan komið aftur hingað til lands en sonur hennar orðið eftir á [...]. Þátt fyrir skilnað ákærðu og G hefði hún haldið áfram að vinna í fyrirtæki hans. Ákærða hefði saknað sonar síns mjög og hún borið sig upp við G vegna þess. Hann hefði hvatt ákærðu til þess að fá drenginn til sín og lofað að styðja við bakið á þeim mæðginum. Við það hefði hann staðið. Árið 2010 hefði eiginmaður ákærðu, H, síðan verið drepinn á [...] vegna þátttöku sinnar í stjórnámálum þar í landi.

Eftir andlát H kvaðst ákærða hafa búið hér á landi ásamt syni sínum og unnið í [...]. Á árinu 2016 hefði frændi ákærðu kynnt hana fyrir manni á Netinu, E. Þau hefðu í kjölfarið verið í miklum samskiptum á Netinu. Þau hefðu orðið ástfangin og í framhaldinu gengist undir kirkjulega hjónavígslu í desember 2016 á [...]. Þau hefðu jafnframt gengið í hjúskap hjá dómara í júlí 2017. Fyrst eftir að þau giftust hefði ákærða búið áfram á Íslandi með syni sínum en E búið á [...] með börnum sínum fjórum, A, B, C og D. Ákærða sagðist hafa aðstoðað eiginmann sinn og börn hans fjárhagslega eftir að kynni tókust með þeim, bæði fyrir og eftir að þau gengu í hjúskap. Ákærða hefði meðal annars kostað húshjálp fyrir E og börnin og kostað nám barnanna í einkaskóla. Þá kvaðst ákærða hafa átt lóð og hús á [...] og hefðu E og börn hans flust þangað en áður hefðu þau búið í leiguhúsnæði.

Ákærða kvaðst hafa farið utan í byrjun sumars 2018 ásamt syni sínum og fylgt E og börnum hans hingað til lands. Fram kom hjá ákærðu að sonur hennar hefði verið mjög áfram um að þau byggju öll saman. Hann hefði þráð að vera hluti af stórri og hamingjusamri fjölskyldu. Aðspurð sagðist ákærða hafa pantað flugið fyrir E og börnin og greitt fyrir þau flugfargjaldið. Ákærða kvaðst einnig hafa séð um samskipti við Útlendingastofnun vegna flutnings barnanna hingað til lands og öflunar dvalarleyfis fyrir þau. Hún hefði einnig séð um samskipti í tengslum við skólavist barnanna, en börnin hefðu náð síðustu tveimur vikunum fyrir sumarfrí í skólanum.

Ákærða neitaði því aðspurð að hún hefði lofað E og börnum hans endurgjaldi í einhverri mynd ef þau flyttust hingað til lands. Þau hefðu einfaldlega verið fjölskylda sem ætlaði að búa saman. Það hefði verið eina ástæðan fyrir því að E og börnin fluttust til ákærðu og sonar hennar. Ákærða tók fram að þröngt hefði verið um þau í íbúð ákærðu. Þegar G hefði séð hversu þröngt var um fjölskylduna hefði hann, eða fyrirtæki hans, keypt nýja íbúð að [...] fyrir fjölskylduna til að búa í. Ákærða kvað leigu hafa verið greidda fyrir afnot af íbúðinni. Þá hefði G látið [...] kaupa sjö manna bifreið, sem hann hefði síðan fengið fjölskyldunni til afnota. Spurð um ástæðu þessara gjörða G svaraði

ákærða því til að G hefði verið búinn að lofa stuðningi sínum við flutning E og barnanna hingað til lands og hvatt til hans. Þá hefði G einnig haft í huga að ákærða hefði ekkert tilkall gert til eigna hans við skilnað þeirra. Enn fremur vísaði ákærða til þess að hjálpin hefði verið gagnkvæm. Hún hefði aðstoðað G við ýmsar athafnir daglegs lífs eftir að hann var orðinn aldraður og veikur. Það hefði hún gert allt fram að andláti hans.

Ákærða kvað fjölskylduna hafa verið hamingjusama í íbúðinni við [...] og kannaðist hún aðspurð ekki við ósætti á milli sín og barnanna. Ákærða sagði börn E hafa aðstoðað við þrif á heimilinu og kvað hún ekki hafa verið mun á framlagi hvers þeirra um sig. Tók ákærða fram að faðir barnanna hefði beðið hana um að kenna þeim til verka á heimilinu. Ákærða kvaðst hafa fylgt börnum E eftir í skóla eftir að þau fluttust hingað til lands, hún sótt foreldrafundi og þess háttar. Skólaganga barnanna hefði gengið vel og engar kvartanir borist frá skólanum. Ákærða sagðist hafa hvatt börnin til þess að leggja sig fram í skólanum og brýnt fyrir þeim mikilvægi menntunar með tilliti til framtíðaratvinnumöguleika. Ákærða kvað börnin ekki hafa æft íþróttir af neinu tagi. Þau hefðu heldur ekki lagt stund á aðrar tómsundur þrátt fyrir að hafa fengið hvatningu til þess frá ákærðu.

Fram kom hjá ákærðu að það hefði verið hún sem sá um fjármál fjölskyldunnar. Allir þeir fjármunir sem fjölskyldumeðlimir hefðu aflað hefðu verið settir í einn pott og hefði ákærða séð um að ráðstafa þeim. Ákærða sagði börnin hafa leitað til sín þegar þau vantaði peninga, til dæmis fyrir bókum. Debetkort barnanna kvað ákærða hafa verið geymd í tösku í hennar eigu sem hún hefði geymt í svefnherberginu sínu. Ákærða tók sértaklega fram varðandi skuld, sem gögn málsins bera með sér að komin hefði verið í kröfuvakt hjá Motus, að um gamla persónulega skuld sína væri að ræða og að ekki hefði komið til álita að nota peninga fjölskyldunnar til að greiða hana. G hefði á sínum tíma verið búinn að heita ákærðu aðstoð við að semja um skuldina og greiða hana upp. Ekki hefði hins vegar tekist að ganga frá málinu vegna veikinda G og síðan andláts hans. Þá fjármuni sem lögregla hefði haldlagt undir rannsókn málsins kvað ákærða hafa verið ætlaða til greiðslu á skuldinni.

Ákærða sagði E hafa unnið fullan vinnudag í [...], þ.e. átta tíma, frá kl. 8 til kl. 16. Ákærða fullyrti að E hefði viljað að börn hans kæmu einnig til starfa í [...] og hefði hann fært það í tal við ákærðu. Úr hefði orðið að börnin unnu í [...] eftir skóla, tvo daga í viku. Þá hefði B stundum unnið um helgar með föður sínum. Tvö elstu börnin sagði ákærða hafa unnið mest. Fram kom hjá ákærðu að börnin hefðu jafnframt starfað í [...] sumarið

2018 en allt sumarið 2019 hefðu þau hins vegar dvalið á [...]. Ákærða sagði G hafa vitað af vinnu barnanna og hefði hann nefnt við ákærðu að hafa samráð við bókara fyrirtækisins vegna vinnunnar í ljósi ungs aldurs barnanna. Bókarinn hefði fengið kennitölur barnanna og engar athugasemdir gert.

Ákærða kvað börnin hafa fengið greitt fyrir vinnu sína. Fullyrti ákærða raunar að þau hefðu fengið greitt fyrir meiri vinnu en þau unnu. G hefði veitt fjölskyldunni fjárhagslegan stuðning í því formi. Laun barnanna hefðu verið lögð inn í banka. Þau hefðu síðan farið með föður sínum í bankann, tekið fjármunina út og hann tekið við peningunum. Ákærða sagði bæði sig og E hafa sent fjármuni til [...] með Money Gram og Western Union. Í sumum tilvikum hefðu þau tekið reiðufé með sér til [...] þegar þau hefðu ferðast þangað. Á [...] hefði peningunum verið ráðstafað til byggingar húss fyrir fjölskylduna, oft og tíðum með milligöngu frænda ákærðu, J að nafni. Ákærða og E hefðu einnig stutt ættingja sína á [...] fjárhagslega og nefndi ákærða föður E sérstaklega í því sambandi, en hann hefði verið veikur og þurft að leggjast inn á sjúkrahús. Frændann J kvað ákærða búa í litlu húsi sem stæði á sömu lóð og hús fjölskyldunnar hefði verið reist á. Ákvörðun um byggingu hússins kvað ákærða fjölskylduna hafa tekið í sameiningu. Húsið hefði verið byggt á lóð ákærðu þar sem eldra hús hennar hefði staðið, en það hefði verið rífið árið 2019. Lóðina hefði ákærða keypt áður en hún kom hingað til lands í öndverðu en hún hefði stækkað hana eftir að hún fór að vinna hér á landi. Var á ákærðu að skilja að byggingu hússins væri lokið. Húsið sagði ákærða vera á sínu nafni. Ákærða sagði langtímaáform hennar og E hafa verið þau að búa í húsinu á [...] sex mánuði á ári og hina mánuðina sex á Íslandi.

Ákærða staðfesti fyrir dómi að þau E væru ekki lengur í sambandi. Það væri hins vegar ekki búíð að ganga frá skilnaði þeirra og sagði ákærða að þau væru ekki búin að afskrifa það að taka upp samband að nýju. Við sambandsslitin sagði ákærða E og börn hans hafa flutt út úr íbúðinni að [...]. Þau hefðu fengið íbúð á [...] og kvaðst ákærða hafa aðstoðað þau við að koma sér fyrir.

3

Brotapolinn B skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði lifað ágætu lífi á [...] og gengið þar í skóla áður en hann fluttist hingað til lands. Brotapoli kvaðst ekki hafa verið í vinnu er hann bjó ytra. Spurður um móður sína sagði brotapoli hana vera látna.

Brotapoli sagðist hafa hitt ákærðu fyrst árið 2017. Brotapoli taldi að hann hefði verið búinn að hitta ákærðu fimm eða sex sinnum áður en hann fluttist hingað til lands

[...] ásamt föður sínum og fjórum systkinum. Brotapoli sagðist ekki hafa haft neitt meðferðis nema fötin sín. Fyrst um sinn hefðu þau búið hjá ákærðu og syni hennar að [...]. Síðar hefðu þau flust að [...] þar í bæ. Áður en til búferlaflutninganna kom hefði brotapoli búið ásamt föður sínum og systkinum í húsi ákærðu á [...]. Aðspurður sagði brotapoli ákærðu hafa sent fjölskyldunni peninga og gjafir á meðan þau bjuggu í húsi hennar ytra. Um ástæðu flutninganna bar brotapoli að fjölskyldan hefði verið að leita að betra lífi.

Brotapoli kvaðst mjög fljótlega eftir komuna hingað til lands hafa hafið skólagöngu. Þá hefði hann einnig fljótlega farið að vinna í [...], eða í maí 2018. Ákærða hefði átt frumkvæðið að því og faðir hans samþykkt það. Brotapoli sagðist ekki hafa skrifað undir ráðningarsamning. Brotapoli kvaðst heldur ekki hafa með öðrum hætti fengið upplýsingar um hversu mikilli vinnu ætlast var til að hann skilaði áður en hann hóf störf í [...]. Brotapoli kvaðst hafa farið með föður sínum til vinnu. Ákærðu sagði brotapoli hafa stjórnað vinnustaðnum. Brotapoli kvað ákærðu hafa öskrað á sig ef hann gerði mistök. Hún hefði einnig látið ljót orð falla í hans garð þegar hún hefði orðið reið. Spurður um vinnutíma sinn í [...] bar brotapoli að hann hefði í sumarfrí frá skóla unnið um það bil frá kl. 6 til 17, eða í allt að 12 klukkustundir á dag. Á meðan skólinn var starfandi hefði brotapoli mætt kl. 6 og unnið í um það bil klukkustund. Hann hefði síðan mætt aftur til vinnu að skóla loknum, um kl. 14, og unnið til kl. 17. Hann hefði því unnið í 3-4 tíma þá daga sem skóli var. Þá kvaðst brotapoli enn fremur hafa unnið um helgar, í allt að 12 klukkustundir hvorn dag. Brotapoli sagðist þó ekki hafa unnið alla daga þar sem hann hefði fengið frí þegar lítið hefði verið að gera. Brotapoli sagðist ekki hafa haldið utan um vinnustundir sínar. Hver það gerði kvaðst hann ekki vita.

Fram kom hjá brotapola að hann hefði fengið greidd laun fyrir vinnu sína. Launin hefðu verið lögð inn á bankareikning. Brotapoli sagðist ekki hafa haft aðgang að bankareikningnum þar sem ákærða hefði haft debetkortið, sem við hann var tengt, í sínum vörslum. Í hvert skipti sem brotapoli hefði fengið laun greidd hefðu þeir fjármunir verið teknir út af reikningi hans. Hefði brotapoli farið með ákærðu, að hennar frumkvæði, föður sínum og tveimur systur í bankann og tekið peningana út hjá gjaldkera. Peningana hefði ákærða síðan strax tekið og í kjölfarið sent þá til [...] til að standa straum af byggingu húss þar. Ákvörðun um húsbygginguna og sendingu peninganna hefði ákærða tekið. Eiganda hússins í dag sagði brotapoli vera ákærðu.

Brotapoli kvaðst hafa farið til [...] í júlí 2019 með ákærðu, syni hennar og systkinum sínum. Hefðu þau haft reiðufé með sér út.

Brotapoli sagði systur sínar, A og C, einnig hafa unnið í [...]. Yngstu systur sína, D, kvað brotapolí hins vegar mjög sjaldan hafa unnið þar. Vinnu A og C sagði brotapolí hafa verið svipaða að umfangi og sína.

Þegar á leið sagðist brotapolí hafa orðið hræddur við ákærðu. Hún hefði öskrað á brotapolá og systur hans þegar þau gerðu mistök, látið ljót orð falla í þeirra garð og hótað að senda þau aftur til baka. Þá hefði ákærða bannað brotapolá og systur hans að fá vini heim. Framkomu ákærðu við son sinn sagði brotapolí hafa verið allt aðra og betri.

Fram kom hjá brotapolá að hann, A og C hefðu þurft að sinna þrifum, tiltekt og uppvaski á heimilinu. D og sonur ákærðu hefðu ekki haft þær skyldur. Þá hefðu hvorki ákærða né faðir brotapolá sinnt slíkum heimilisstörfum en ákærða hefði hins vegar eldað fyrir fjölskylduna á hverju kvöldi. Brotapolí sagðist hafa haft áhuga á því að æfa körfubolta en ákærða hefði verið á móti því og bannað honum að nota launin sín til þess að greiða æfingagjöldin. Systkini brotapolá hefðu heldur ekki æft íþróttir. Ákærða hefði aftur á móti hvatt brotapolá til þess að sinna námi og mennta sig.

Fatnað sagðist brotapolí hafa fengið hjá föður sínum. Þegar systkinin hefðu farið í kvikmyndahús hefði ákærða borgað fyrir þau.

Brotapolí kvaðst vera að vinna í dag og ráða því í hvað hann verji launum sínum. Hann gæti keypt sér það sem hann langaði í og gert það sem hann vildi. Brotapolí sagði líf sitt hafa breyst mikið eftir að hann flutti frá ákærðu.

Brotapolinn A kvaðst hafa búið á [...] áður en hún flutti hingað til lands með föður sínum og systkinum. Þegar ákærða og faðir brotapolá hefðu tekið upp samband hefði brotapolí flust ásamt föður sínum og systkinum til [...]. Þar hefðu þau búið í húsi í eigu ákærðu. Þau hefðu síðan flust til Íslands í [...] að frumkvæði ákærðu, sem hefði viljað að þau kæmu hingað svo að þau gætu öll búið hér saman sem fjölskylda. Taldi brotapolí að hún hefði verið búin að hitta ákærðu þrisvar eða fjórum sinnum áður en hún fluttist hingað til lands.

Brotapolí sagði þau öll hafa búið fyrst um sinn á heimili ákærðu að [...]. Brotapolí kvaðst hafa verið byrjuð að vinna í [...] áður en hún hóf skólagöngu hér á landi. Brotapolí taldi að hún hefði byrjað að vinna um það bil þremur vikum eftir að hún kom til landsins. Ákærðu sagði brotapolí hafa haft frumkvæðið að því að hún færi að vinna í [...] og hefði það verið ákærða sem réði hana til starfa. Hún hefði stýrt vinnustaðnum. Brotapolí kvaðst

ekki hafa verið því mótfallin að vinna í [...] þar sem hún hefði viljað hjálpa til. Nokkru síðar hefði hún byrjað í [...] þar sem hún hefði verið í tvær vikur fram að sumarleyfi. Um haustið hefði hún síðan hafið nám í [...]. Brotapoli sagði ákærðu hafa hvatt þau systkinin til náms.

Vinnutíma sinn í [...] kvað brotapolí hafa verið breytilegan. Stundum hefði hún unnið frá kl. 8 til 16 en stundum hefði hún byrjað kl. 6 og unnið til kl. 16. Þá daga sem skóli var sagðist vitnið ekki hafa unnið á morgnana en hún komið til vinnu að skóla loknum kl. 14 og unnið til kl. 16. Um helgar kvaðst brotapolí hafa byrjað að vinna kl. 6:30 og unnið til kl. 16. Á sumrin hefði brotapolí unnið mjög mikið, í eitt skipti til kl. 22 um kvöldið. Brotapoli sagðist ekki hafa skráð vinnustundir sínar.

Brotapoli kvaðst hafa fengið greidd laun fyrir vinnu sína. Launin hefðu verið lögð inn á bankareikning. Debetkort tengt reikningnum hefði ákærða verið með í sínum vörslum. Brotapoli hefði farið með ákærðu í bankann, að hennar frumkvæði, tekið peningana út og látið ákærðu hafa. Hún hefði síðan keypt dollara fyrir andvirði þeirra og sent til [...]. Þar hefðu peningarnir átt að fara í byggingu húss ákærðu. Brotapoli sagðist í fyrstu ekki hafa verið þessu mótfallin. Brotapoli kvað ákærðu hafa fullyrt í hennar eyru að húsið væri hennar eign. Brotapoli ætti að hennar sögn ekkert í því í dag.

Fram kom hjá brotapolá að hún og systkini hennar, B og C, hefðu átt að taka þátt í þrifum á heimilinu, ásamt ákærðu sjálfri. Þau systkinin hefðu séð um þrif á virkum dögum en ákærða einkum sinnt því um helgar. Þegar þau hefðu ekki staðið sig í þrifunum hefði ákærða skammað þau. D og sonur ákærðu hefðu hins vegar ekki haft þessar skyldur. Þá sagðist brotapolí hafa haft það hlutverk að elda mat. Það hefði ákærða einnig gert.

Brotapoli sagði ákærðu hafa verið góða við þau systkinin þegar faðir þeirra var viðstaddur. Þegar hann hefði ekki verið á staðnum hefði ákærða hins vegar ekki verið góð við þau. Hún hefði öskrað á þau, látið ljót orð falla í þeirra garð og stundum látið þau krjúpa á kné fyrir framan sig. Þá hefði ákærða ítrekað hótað því þegar þeim hefði orðið sundurorða að endurnýja ekki vegabréf systkinanna og dvalarleyfi og láta senda þau aftur til [...].

Brotapoli kvað þau systkinin ekki hafa verið í tómsundum. Þá hefði brotapolí ekki þorað að fá vini heim vegna framkomu ákærðu.

Brotapolinn C sagðist hafa búið á [...] áður en hún flutti til Íslands með föður sínum og systkinum. Þegar faðir brotapolá hefði komist í kynni við ákærðu hefði brotapolí flust til [...] ásamt föður sínum og systkinum. Þar hefðu þau búið í húsi í eigu ákærðu í um

það bil eitt ár. Þaðan hefðu þau flutt til Íslands. Ákærða hefði átt frumkvæðið að þeim flutningum og hún komið út til [...] og fylgt þeim til Íslands. Taldi brotþoli að hún hefði verið búin að hitta ákærðu í tvígang áður en hún flutti hingað til lands í [...]. Brotþoli sagði föður þeirra systkinanna hafa sagt við þau að framtíðarhorfur þeirra væru bjartari á Íslandi.

Brotþoli sagði fjölskylduna fyrst hafa búið að [...]. Þar hefðu þau búið í um það bil eitt ár áður en þau fluttu að [...] þar í bæ. Brotþoli sagði sambúðina að [...] hafa gengið ágætlega. Þegar þau hefðu flust að [...] hefði ástandið á heimilinu hins vegar versnað. Brotþoli og systkini hennar hefðu fengið það hlutverk að sjá um þrif á heimilinu en engu máli hefði skipt hversu vel þau stóðu sig í því, ákærða hefði aldrei verið ánægð. Komið hefði fyrir að hún hefði vísað brotþola út úr húsinu og látið hana bíða grátandi fyrir utan. Áður en faðir brotþola kom heim hefði ákærða síðan sagt brotþola að koma inn aftur og þrifa sig í framan. Þá hefði ákærða stundum öskrað á brotþola, meðal annars í vinnunni fyrir framan aðra starfsmenn. Sagði brotþoli framkomu ákærðu gagnvart sér hafa verið allt aðra og betri þegar faðir hennar var viðstaddur.

Brotþoli bar að hún hefði verið starfsmaður í [...]. Hún hefði hafið þar störf [...] ára gömul. Ákvörðun um það hefðu ákærða og faðir brotþola tekið. Brotþoli sagðist hafa komið til vinnu að skóla loknum, um kl. 14. Stundum hefði hún unnið til kl. 16, en þegar mikið hefði verið að gera hefði hún unnið til kl. 18 eða 19. Um helgar hefði hún unnið báða dagana og mætt til vinnu um kl. 5:00. Misjafnt hefði verið hversu vinnudagurinn var langur um helgar. Það hefði farið eftir verkefnastöðunni. Á sumrin hefði brotþoli að jafnaði unnið frá kl. 6 til 16. Þegar mikið hefði verið að gera hefði hún þó unnið fram undir kl. 19 og í einstaka tilvikum til kl. 22.

Brotþoli kvaðst hafa fengið greidd laun fyrir vinnu sína. Hún hefði hins vegar ekki fengið launin til ráðstöfunar heldur hefði ákærða tekið launin til sín og sent þau til [...]. Þar hefði þeim verið varið til byggingar húss, sem ákærða segi nú sína eign. Brotþoli sagðist ávallt í kjölfar útborgunar launa hafa farið með ákærðu og föður sínum til gjaldkera í bankanum, ásamt eldri systkinum sínum tveimur, og tekið öll laun þeirra systkina út af reikningum þeirra. Kom fram hjá brotþola að hún hefði ekki haft aðgang að bankareikningi sínum þar sem ákærða hefði verið með debetkortið á reikninginn í sínum vörslum.

Brotapoli sagði D, yngstu systur sína, hafa unnið stopult í [...]. Hún hefði komið til vinnu þegar mjög mikið hefði verið að gera.

Brotapoli kvaðst ekki hafa lagt stund á íþróttir eða aðrar tómstundir þar sem ákærða hefði verið því mótfallin. Hún hefði ekki viljað eyða peningum í slíka hluti. Á [...] sagðist brotapolí hafa æft badminton. Þá hefði brotapolí ekki mátt koma með vini heim þar sem ákærða hefði talið íslenska jafnaldra hennar vera slæman félagsskap.

Brotapolinn D gaf skýrslu fyrir dóm í Barnahúsi 1. febrúar 2021. Brotapoli sagði ákærðu, stjúpmóður sína, ekki hafa verið góða mömmu. Hún hefði öskrað mikið á brotapola og systkini hennar og alltaf verið reið. Brotapoli hefði verið hrædd við ákærðu. Þegar pabbi þeirra hefði verið heima hefði hún hins vegar verið góð.

Fram kom hjá brotapola að hún hefði viljað æfa körfubolta en ákærða lagst gegn því þar sem það væri svo dýrt. Systur sína C kvað brotapolí hafa þurft að sjá um þrif á húsinu að [...] eftir að fjölskyldan fluttist þangað. Þá hefði A eldað mat.

Brotapoli kvaðst hafa byrjað að vinna í [...] árið 2018. Hún hefði þá verið [...] ára gömul. Hún sagðist frekar hafa viljað leika sér við vini sína en vera í vinnunni. Brotapoli kvað ákærðu og systur hennar hafa sagt sér hvað hún ætti að gera í vinnunni. Ákærða hefði stjórnað vinnustaðnum. Brotapoli sagði systkini sín einnig hafa verið að vinna í [...] og hefðu laun þeirra farið til að byggja hús fyrir ákærðu á [...]. Fram kom hjá brotapola að ekki hefðu önnur börn unnið þar.

Um vinnutíma sinn bar brotapolí að hún hefði unnið eftir skóla einn til tvo daga í viku. Þá hefði hún einnig unnið um helgar.

E, faðir brotapola og eiginmaður ákærðu, sagði vin sinn hafa kynnt þau ákærðu á samfélagsmiðlum. Samskipti vitnisins og ákærðu hefðu í fyrstu eingöngu farið fram á Netinu. Þau hefðu fyrst hist í eigin persónu í desember 2016 og gengið í hjónaband á [...] 2017.

Í framhaldinu hefði orðið úr að vitnið fluttist ásamt börnum sínum fjórum í hús sem ákærða átti í [...]. Ákærða hefði hvatt þau til að flytja í húsið, sem hún hefði sagt standa autt. Hefði ákærða séð um allt fyrir þau sem flutningunum tengdist, þar með talið að skrá börnin í skóla. Einnig hefði hún sent þeim peninga.

Síðar hefði ákærða hvatt vitnið til þess að flytjast með börnin til Íslands svo að þau gætu búið þar saman sem ein fjölskylda. Ákærða hefði sagt möguleika barnanna til náms vera betri hér á landi. Þá hefði hún heitið þeim vinnu, en börnin hefðu ekki verið að vinna á [...].

Vitnið kvað ákærðu hafa séð um að sækja um dvalarleyfi hér á landi fyrir vitnið og börn þess. Sjálf sagðist vitnið ekki hafa búið yfir neinni þekkingu á þeim málum. Ákærða hefði enn fremur greitt flugfargjaldið fyrir þau öll. Vitnið og börnin hefðu komið til Íslands [...]. Þegar hingað til lands var komið kvaðst vitnið hafa flutt ásamt börnunum inn á heimili ákærðu og sonar hennar að [...]. Vitnið sagði börn sín hafa verið í skóla hér á landi síðustu tvær vikurnar fyrir [...].

Vitnið sagði ákærðu hafa ráðið sig í vinnu í [...] og hefði vitnið hafið þar störf [...]. Skömmu síðar hefðu elstu börn vitnisins, A og B, einnig hafið störf í [...]. Hefðu þau náð að vinna í um tvær vikur í [...]. Vitnið tók fram að það hefði ekkert þekkt til reglna um vinnu barna hér á landi og treyst á ákærðu í þeim efnum. C hefði síðan einhverju síðar einnig hafið störf í [...].

Vitnið kvað B hafa mætt til vinnu kl. 5. Hann hefði síðan farið í skólann þegar hann byrjaði. Hann, A og C hefðu síðan öll komið til vinnu að loknum skóladegi. Um helgar hefðu börnin byrjað að vinna kl. 6 á morgnana. Í sumarleyfum frá skóla hefðu þau unnið í [...] frá kl. 6 á morgnana. Vitnið áréttaði að það hefði ekkert þekkt til reglna um vinnu barna hér á landi og það trúað orðum ákærðu um að þeim væri heimilt að vinna.

Vitnið bar að börn þess hefðu fengið laun fyrir vinnu sína. Þau hefðu hins vegar engan aðgang haft að laununum þar sem ákærða hefði tekið debetkort þeirra í sínar vörslur. Börnin hefðu eingöngu fengið kortin afhent þegar þau hefðu farið í bankann til að taka út peninga. Að því loknu hefðu þau þurft að skila kortunum. Peningana hefði ákærða sent til [...], bæði með MoneyGram og Western Union, til frænda síns, J. Þá hefðu börnin í einhverjum tilvikum haft peningana meðferðis þegar þau ferðuðust til [...]. Vitnið hefði sjálf einnig haft peninga meðferðis þangað samkvæmt fyrirmælum ákærðu. Á [...] hefði þessum fjármunum verið varið til byggingar húss sem standi á lóð er ákærða hefði átt fyrir og sé á hennar nafni. Nefndur J búi nú í húsinu. Eldra hús á lóðinni hefði verið rífið. Í ljósi málsatvika telji vitnið sig og börn sín eiga hlut í hinu nýja húsi. Í upphafi hefði ákærða verið því sammála og sagt húsið vera byggt fyrir alla fjölskylduna en eftir samvistarlit þeirra hefði komið annað hljóð í strokkinn. Ákvörðun um byggingu hússins sagði vitnið ákærðu hafa tekið árið 2019. Aðspurt kannaðist vitnið við að hafa sent föður sínum, búsettum á [...], peninga, en vitnið sagði að um lítilræði hefði verið að ræða, 20.000 krónur.

Fram kom hjá vitninu að ákærða hefði alfarið séð um fjármál heimilisins. Nefndi vitnið sem dæmi að sjálft hefði það ekki vitað hversu mikið það hafði í laun þar sem það hefði ekki kunnað á heimabankann.

Spurt um framkomu ákærðu við börn vitnisins sagðist vitnið ekki hafa orðið vart við að nokkuð hefði verið athugavert við hana á meðan vitnið og ákærða bjuggu saman. Síðar hefðu börnin hins vegar greint vitninu frá slæmri framkomu ákærðu í þeirra garð.

I, sonur ákærðu, kvaðst hafa flust hingað til lands fyrir um 11-12 árum. Fyrst eftir að E, stjúpfaðir vitnisins, og börn hans fjögur fluttust til landsins sagði vitnið þau öll hafa búið saman að [...]. Þau hefðu síðan flust í stærra húsnæði að [...]. Vitnið sagði móður sína og A, stjúpsystur sína, hafa séð um matseld á heimilinu. Þá hefðu B, C og A séð um þrif á heimilinu. Vitnið og D hefðu ekki þurft að sinna heimilisstörfum.

Vitnið sagðist stundum hafa aðstoðað móður sína við vinnu í [...] en ekki hafa verið með fastan vinnutíma þar. Vitnið hefði fengið laun fyrir vinnu sína. Móður sína sagði vitnið hafa stjórnað vinnustaðnum. Hana kvað vitnið vera strangan stjórnanda.

Vitnið sagði þrjú elstu börn E einnig hafa unnið í [...]. Þau hefðu öll unnið meira en vitnið hefði gert. Þá hefði D stundum komið til að aðstoða þegar ákærða hefði beðið um það. Stjúpsystkini sín kvað vitnið hafa fengið greidd laun fyrir sína vinnu. Vitnið sagði móður sína hafa „stjórnað“ launum allra barnanna en fjölskyldan hefði verið að safna fyrir húsi á [...]. Taldi vitnið að móðir þess ætti húsið í dag.

Samskipti stjúpsystkina sinna við ákærðu sagði vitnið ekki hafa verið mikil en þau hefðu verið góð.

K, systir ákærðu, kvaðst hafa hafið störf í [...] árið 2016. Hefði það verið ákærða sem útvegaði henni vinnunna. Ákærðu sagði vitnið hafa stjórnað vinnustaðnum. Eiganda [...], G, kvað vitnið ekki hafa verið með fasta viðveru á vinnustaðnum en hann hefði hins vegar litið þar reglulega við.

Vitnið sagði þrjú elstu börn E hafa unnið í [...]. Fyrst hefðu B og A byrjað að vinna þar og nokkru síðar hefði C líka komið þar til starfa. Vitnið kvað börnin hafa mætt til vinnu eftir skóla á virkum dögum. Þá hefðu þau unnið hálfan daginn um helgar. Vitnið sagðist ekki vita hversu mikið börnin hefðu unnið á sumrin þar sem vitnið hefði þá mikið verið í fríi.

Fram kom hjá vitninu að ákærða hefði stundum kallað son sinn til vinnu þegar mikið hefði verið að gera. Yngsta dóttir E, D, hefði þá komið með honum þar sem hún

hefði ekki mátt vera ein heima. Vitnið sagði engin önnur börn en stjúpbörn ákærðu og son hennar hafa unnið í [...].

Vitnið kvað systur sína hafa verið góðan yfirmann. Aðspurt sagðist vitnið ekkert athugavert hafa séð við framkomu hennar við stjúpbörn sín, hvorki á vinnustaðnum né utan hans.

Aðspurt sagðist vitnið kannast við að systir þess og E hefðu látið byggja hús á [...]. Hefðu þau sent peninga út til að greiða fyrir húsbygginguna. Kvaðst vitnið sjálf einu sinni hafa sent út peninga að beiðni systur sinnar og hefðu þeir peningar farið í byggingu hússins.

L, mágur ákærðu, sagðist hafa flust hingað til lands árið 2017. Vitnið kvað ákærðu og G hafa ráðið sig til vinnu í [...]. Vitnið sagði G hafa komið mjög sjaldan á vinnustaðinn. Það hefði verið ákærða sem verið hefði daglegur stjórnandi þar.

Vitnið kvað E, eiginmann ákærðu, hafa unnið í [...]. Það hefðu þrjú elstu börn hans einnig gert. Vitnið sagðist stundum hafa rekist á B við vinnu snemma morguns. Hann, A og C hefðu síðan komið til vinnu eftir skóla. Börnin hefðu jafnframt unnið í um tvo tíma hvorn dag um helgar. Þau hefðu hins vegar ekki unnið í [...] á sumrin. Son ákærðu sagði vitnið stundum hafa hjálpað aðeins til á vinnustaðnum. Önnur börn hefðu þar ekki verið.

Vitnið sagðist ekkert hafa séð athugavert við framkomu ákærðu við stjúpbörnin, hvorki á vinnustaðnum né heima.

M, mágkona ákærðu, kvaðst hafa flutt til Íslands [...] árið 2018. Vitnið sagði ákærðu hafa útvegað sér vinnu í [...]. Á vitninu var að skilja að G, eigandi [...], hefði haft þar stopula viðveru. Ákærða hefði verið daglegur stjórnandi á vinnustaðnum. Vitnið sagði ákærðu hafa verið strangan yfirmann en góðan. Þá hefði hún verið vinaleg utan vinnu.

Vitnið sagði stjúpbörn ákærðu, B, A og C, hafa komið til vinnu í [...] eftir skóla. Vinnutími þeirra hefði verið breytilegur, allt eftir því hversu mikið hefði verið að gera. Börnin hefðu líka stundum unnið um helgar.

N, bróðir ákærðu, bar að hann væri búinn að vera búsettur hér á landi í um 25 ár. Vitnið kvaðst hafa starfað í [...] í um það bil 15 ár og hafa verið góður vinur fyrrum eiganda hennar, G. Ákærðu sagði vitnið hafa verið daglegan stjórnanda á vinnustaðnum.

Vitnið sagði vinnutíma sinn hafa verið frá kl. 4 eða 5 á morgnana og fram til kl. 16 eða 17 á daginn. Þá hefði vitnið einnig unnið um helgar. Þrjú elstu stjúpbörn ákærðu

sagði vitnið hafa starfað um tíma í [...]. Yngsta systkinið hefði hins vegar ekki unnið þar. Vitnið sagði börnin þrjú hafa unnið mánudaga til laugardaga. B kvað vitnið hafa komið til vinnu um kl. 6:30 á morgnana fyrir skóla. Hann hefði síðan mætt til vinnu aftur eftir skóla ásamt systur sínum, A og C. Um helgar hefðu börnin unnið í tvo til þrjá tíma hvorn dag. Þau hefðu einnig unnið í [...] á sumrin. Son ákærðu kvað vitnið hafa komið mjög stopult til vinnu í [...].

Vitnið kvað samskipti ákærðu við stjúpbörn hennar hafa verið góð, bæði á vinnustaðnum og heima.

O kvaðst hafa verið starfsmaður [...] frá árinu 2016 og þar til í ágúst 2020. Vitnið sagði eiganda [...], G, ekki hafa verið mikið á vinnustaðnum vegna veikinda. Ákærða hefði stýrt vinnustaðnum í hans fjarveru. Vitnið kvað ákærðu hafa verið „allt í lagi“ yfirmann.

Vitnið kvað þrjú elstu stjúpbörn ákærðu hafa starfað um tíma í [...]. Vitnið sagði tvö elstu börnin stundum hafa verið við vinnu þegar það hefði mætt á vinnustaðinn á morgnana. Öll þrjú hefðu þau síðan mætt til vinnu eftir skóla og stundum um helgar. Yngsta systkinið, D, hefði stundum dvalið á vinnustaðnum, stutta stund í senn. Vitnið kvað starfsfólk [...] hafa vorkennt börnunum að þurfa að vinna þar og sagði það hafa sést á andlitum þeirra hversu þreytt þau voru.

Vitnið sagði komið hafa fyrir að ákærða öskraði á starfsfólkið.

Fram kom hjá vitninu að það hefði heyrt af því að A hefði haft það hlutverk á heimilinu að elda fyrir fjölskylduna.

P bar að hann hefði verið íhlaupastarfsmaður í [...] frá árinu 2010. Vitnið sagði komið hafa fyrir að það hefði séð til þriggja elstu stjúpbarna ákærðu á vinnustaðnum.

Vitnið staðfesti sem rétt ummæli sem höfð eru eftir því í lögregluskýrslu að ákærða hefði verið frek og hún stundum öskrað á starfsfólk. Einnig staðfesti vitnið ummæli sín þess efnis að vitnið hefði vitað af því að stjúpbörn ákærðu væru að vinna allt að 12 tíma í [...], nánast daglega. Börnin hefðu þó unnið minna þegar skólinn hefði verið starfandi. Þessa vitneskju kvaðst vitnið bæði byggja á eigin upplifun og frásögnum annarra. Enn fremur staðfesti vitnið að það hefði eftir samvistarlit ákærðu og eiginmanns hennar aðstoðað E við að fara inn í heimabanka sinn þar sem hann hefði ekki kunnað það.

R bar fyrir dómi að ákærða hefði verið yfirmaður hennar hjá [...]. Vitnið hefði hafið þar störf árið 2015. Vitnið sagði ákærðu hafa komið vel fram við sig. Engin vandamál hefðu komið upp þeirra á milli.

Vitnið sagðist hafa verið við störf í [...] á sama tíma og eiginmaður ákærðu og elstu þrjú stjúpbörn hennar. Yngsta systkinið kvað vitnið ekki hafa unnið þar. Barnið hefði þó stundum verið á vinnustaðnum, t.d. þegar enginn hefði getað verið heima hjá því.

Vitnið kvað dagvinnutíma sinn hafa verið á milli kl. 8 og 16. Þegar mikið hefði verið að gera hefði vitnið unnið yfirvinnu eftir kl. 16 og einnig á laugardögum og sunnudögum. Stjúpbörn ákærðu hefðu oft verið við vinnu í [...] en þau þó ekki unnið eins mikið og vitnið. Stundum hefðu börnin mætt til vinnu mjög snemma, áður en þau fóru í skóla, og stundum hefðu þau komið til vinnu eftir skóla. Vitnið nefndi að komið hefði fyrir að þegar það hefði hætt störfum kl. 16 hefðu börnin þrjú verið áfram við störf. Þá hefðu börnin einnig verið við vinnu um helgar. Vitnið sagði engin önnur börn hafa verið við vinnu í [...]. Lýsti vitnið eðlilegum samskiptum ákærðu og barnanna á vinnustaðnum.

S sagðist hafa verið starfsmaður [...] í þrjú ár. Yfirmaður hennar þar hefði verið ákærða. Vitnið kvaðst hafa starfað með eiginmanni ákærðu og elstu börnunum hans í um fjóra mánuði. Börnin hefðu komið til starfa þegar þau voru ekki í skóla og á frídögum. Önnur börn hefðu ekki starfað í [...].

Ákærðu sagði vitnið mjög oft hafa verið reiða og hún öskrað á starfsmenn.

T bar að hún væri búin að vera starfsmaður [...] frá árinu 2016. Ákærða hefði verið yfirmaður hennar þar. Vitnið kvað engin vandamál hafa komið upp í samskiptum þeirra tveggja.

Vitnið sagði E, eiginmann ákærðu, og börn hans, að yngsta barninu undanskildu, hafa komið til starfa í [...]. Börnin hefðu hafið störf strax og þau komu til landsins frá [...]. Vitnið sagði börnin hafa verið við vinnu þegar það hefði mætt á vinnustaðinn kl. 8 á morgnana. Börnin hefðu gengið í skóla en oft komið til vinnu að skóla loknum. Þá hefðu þau mætt til vinnu þegar frí hefði verið í skólanum. Vitnið kvað engin önnur börn hafa starfað í [...].

Eftir að E og börn hans komu til landsins sagðist vitnið ekki hafa unnið um helgar. Það hefðu ákærða, E og börnin hins vegar gert. Vitnið kvað það hafa verið upplifun annarra starfsmanna að fjölskylda ákærðu væri að taka vinnu frá öðrum starfsmönnum.

U kvaðst hafa starfað í [...] frá árinu 2015. Ákærðu sagði vitnið hafa verið yfirmann sinn. Eiganda [...], G, kvað vitnið ekki hafa verið með viðveru á vinnustaðnum. Hann hefði hins vegar litið við þar annað slagið.

Spurt út í framkomu ákærðu við starfsfólkið kvað vitnið hana stundum hafa öskrað á starfsfólkið.

Vitnið sagði E, eiginmann ákærðu, og þrjú elstu börn hans hafa starfað með vitninu í [...]. Börnin hefðu mætt til vinnu fyrir skóla og einnig að skóla loknum. Þá hefðu þau líka unnið þá daga sem ekki var skóli. Yngsta barn E, D, sagði vitnið hafa unnið mjög lítið. Hún hefði þó eitthvað [...]. Önnur börn en stjúpbörn ákærðu sagði vitnið ekki hafa unnið í [...].

Ú bar að hún hefði starfað í [...] í tvær vikur á árinu 2018. Vitnið sagði ákærðu hafa verið yfirmann á vinnustaðnum. Spurt um af hverju vitnið hefði starfað í svo stuttan tíma þar svaraði vitnið því til að andrúmsloftið þar hefði ekki verið gott og vitnið verið stressað. Vísaði vitnið til þess að ákærða hefði öskrað á starfsfólkið, vitnið þar með talið. Systir ákærðu, sem einnig hefði starfað í [...], hefði líka öskrað á starfsfólkið. Þá hefði hún eitt sinn hótað að drepa einn starfsmanninn.

Vitnið kvaðst hafa starfað með E, eiginmanni ákærðu, og einnig börnum hans fjórum. Tók vitnið fram að elstu börnin tvö hefðu unnið mest en þau yngstu hefðu komið til vinnu eftir skóla. Elstu börnin tvö hefðu verið við vinnu þegar vitnið hefði mætt á vinnustaðinn kl. 8.

V greindi svo frá fyrir dómi að hún hefði verið starfsmaður [...] frá árinu 2014. Vinnutíma sinn kvað vitnið hafa verið frá kl. 8 til 16 og þá hefði vitnið einnig unnið tilfallandi yfirvinnu. Ákærðu sagði vitnið hafa verið daglegan stjórnanda á vinnustaðnum. Hún hefði verið strangur en góður yfirmaður. Vitnið kvað þær tvær einnig vera góðar vinkonur og hefði ákærða stundum veitt vitninu fjárhagslega fyrirgreiðslu, bæði sem daglegur stjórnandi [...] og persónulega. Hún hefði til dæmis lánað vitninu fjármuni til að senda veikum föður sínum.

Vitnið kvaðst þekkja E, eiginmann ákærðu, og börn hans fjögur. Vitnið hefði verið samferða ákærðu til [...] og til baka þegar hún hefði sótt E og börnin á sínum tíma en vitnið hefði verið að vinna í vegabréfamálum fyrir son sinn sem þá hefði enn búið ytra.

Vitnið sagði E og þrjú elstu börnin hafa starfað í [...]. Börnin hefðu unnið eftir skóla og um helgar. Vitnið sagði yfirvinnu þess í [...] hafa minnkað eftir að E og börnin

komu þar til starfa. Önnur börn en stjúpbörn ákærðu kvað vitnið ekki hafa unnið í [...] að því undanskildu að sonur hennar hefði unnið þar eitthvað tilfallandi.

F sagði eiginkonu sína hafa verið starfsmann [...]. Vitnið kvaðst þekkja ákærðu lauslega en E, eiginmann hennar, og börn hans betur.

Vitnið sagði mál þetta hafa komið þannig upp að E hefði leitað til eiginkonu vitnisins og óskað eftir aðstoð. Í kjölfarið hefðu vitnið og eiginkona þess hitt E og hlýtt á sögu hans. Þar hefði komið fram að þrjú elstu börnin, og reyndar E sjálfur líka, væru búin að vera að vinna í [...] án þess að bera nokkuð úr bótum fjárhagslega. Hefði E verið ósáttur við það hvernig komið hefði verið fram við börnin. Vitnið sagði E hafa birst honum sem brotinn maður.

Eftir að hafa hlustað á frásögn E kvaðst vitnið hafa ákveðið að aðstoða hann. E hefði verið mjög hræddur við að segja sögu sína og hafast nokkuð að í málinu. E hefði óttast að gerði hann það myndi lögreglan koma og vísa honum úr landi en það hefði hann haft frá ákærðu. Vitnið kvaðst hafa sagt E að hann hefði ekkert að óttast. Þannig gengju hlutirnir ekki fyrir sig hér á landi. Eftir að hafa gengið kirfilega úr skugga um það að E vildi fara með málið áfram hefði vitnið sett sig í samband við barnaverndarnefnd [...]. Í kjölfarið hefði vitnið setið tvo eða þrjú fundi hjá nefndinni vegna málsins.

Vitnið kvaðst ásamt eiginkonu sinni hafa aðstoðað E og börnin við að koma sér fyrir í nýju húsnæði á [...] eftir að hann fór frá ákærðu. Jafnframt hefðu þau hjónin keypt nauðsynlegt innbú og lánað E fyrir útborgun í bíl. Vitnið sagðist ekki vita til þess að E og börnin hefðu notið aðstoðar ákærðu við að koma sér fyrir á nýjum stað.

Vitnið bar að það hefði komið nokkrum sinnum í [...] til að hitta eiginkonu sína og þá séð elstu þrjú börn E þar við störf. Þá kvaðst vitnið um tíma hafa starfað á vinnustað beint á móti [...] og þá ítrekað heyrt öskur og læti í ákærðu.

Fram kom hjá vitninu að það hefði hitt börn E nokkrum sinnum utan vinnustaðar þeirra, til dæmis í afmælisveislum, og þá veitt því athygli hversu gleðisnaud þau virtust vera. Upplitið á syni ákærðu hefði verið allt annað, enda ákærða komið allt öðruvísi fram við hann en stjúpbörn sín. Vitnið kvaðst sjá stóran mun á börnum E í dag miðað við ástandið á þeim þegar vitnið kom fyrst að málinu. Þau hefðu öll notið sálfræðipjónustu í boði [...] og væru miklu glaðlyndari í dag.

Vitnið kvað E hafa greint sér frá því að ákærða væri að byggja hús á [...]. Einnig hefði komið fram hjá honum að börnin hefðu samkvæmt fyrirmælum ákærðu flutt reiðufé úr landi til [...]. Hefði E verið ósáttur við það.

Y kvaðst hafa starfað hjá [...] á árunum 2016 til 2019. Yfirmaður vitnisins á starfstíma þess hefði verið ákærða. Hún hefði verið góður yfirmaður en hún þó stundum öskrað á starfsfólkið. Vinnutíma sinn í [...] sagði vitnið hafa verið frá kl. 8 til 16. Þá hefði vitnið unnið tilfallandi yfirvinnu.

Vitnið sagðist hafa unnið með E og elstu börnum hans þremur í [...]. Taldi vitnið að börnin hefðu byrjað að vinna hjá fyrirtækinu í maí 2018. Börnin sagði vitnið stundum hafa verið við vinnu þegar það hefði mætt á vinnustaðinn kl. 7:55 að morgni. Aðspurt kvaðst vitnið ekki vita með vissu hvenær börnin hefðu mætt til vinnu en taldi að það hefði verið á milli kl. 5 og 6 á morgnana. Börnin hefðu síðan farið í skólann en komið aftur til vinnu að loknum skóladegi. Börnin hefðu einnig unnið um helgar. Yngstu dóttur E sagði vitnið stundum hafa komið á vinnustaðinn og hún stundum hjálpað til við að falda teppi. Vitnið kannaðist ekki við að ákærða hefði öskrað á stjúpbörn sín á meðan þau voru við vinnu.

Fram kom hjá vitninu að börn E hefðu einhverju sinni innt það eftir reglum um debetkortanotkun hér á landi, þ.e. hvort og þá eftir atvikum hvenær börn mættu sjálf nota debetkort á reikninga sína. Eftir að börnin voru flutt út frá ákærðu kvað vitnið þau hafa greint sér frá því að ákærða hefði krafist þess að þau sæju um þrif og eldamennsku á heimilinu.

Vitnið kvað E hafa leitað til sín eftir aðstoð. Í kjölfarið hefði hann síðan kært málið. Í framhaldinu hefði vitnið ásamt eiginmanni sínum aðstoðað E við að koma sér fyrir á nýjum stað, á [...]. Taldi vitnið að E og börnin hefðu engan húsbúnað haft með sér í nýju íbúðina þegar þau fluttu út frá ákærðu.

Ý sagði mál stjúpbarna ákærðu hafa komið inn á borð velferðarsviðs [...] í lok september 2020 með tilkynningu frá E og elsta barni hans. Barnaverndaryfirvöld hefðu þegar hafið könnun á málinu samkvæmt 21. gr. barnaverndarlaga. Í kjölfarið hefði verið rætt við E og þau þrjú barna hans sem enn hefðu verið á barnsaldri og fædd voru árin [...]. Einnig hefði verið rætt við F, sem haft hefði tengsl við E og haft umboð hans til að koma fram fyrir hans hönd gagnvart barnaverndaryfirvöldum. Rannsókn málsins hefði lotið að því að kanna framkomu ákærðu í garð barnanna og ásakanir um að hún væri með þau í eins konar nauðungarvinnu í [...]. Kom fram hjá vitninu að börnunum og föður þeirra hefði verið veitt sálfræðiaðstoð vegna málsins.

Vitnið kvað það hafa verið sameiginlegt í frásögn barnanna að þau óttuðust ákærðu. Hefðu þau sakað hana um andlegt ofbeldi í þeirra garð. Börnin hefðu sagt ákærðu öskra á þau og hafa í hótunum við þau. Þá hefði hún gert miklar kröfur til þeirra um vinnuframlag, bæði í [...] og á heimilinu í formi þrifa. Stæðu börnin sig ekki hefði ákærða öskrað á þau og niðurlægt þau. Fram hefði komið hjá börnunum að þau hefðu enga fjármuni fengið til umráða vegna vinnu sinnar. Ákærða hefði tekið öll laun þeirra til sín. Þá nefndi vitnið sérstaklega að C hefði í viðtali lýst mikilli vanlíðan vegna samskipta sinna við ákærðu. Stúlkan hefði verið mjög langt niðri andlega og hún greint því að hún hefði um tíma hugleitt að taka eigið líf. B og D hefðu borið sig betur en vitnisburður þeirra samt sem áður verið svipaður efnislega og þau borið að ákærða beitti þau andlegu ofbeldi og að þeim liði mjög illa í hennar návist. Börnin hefðu öll talað vel um föður sinn. Þau hefðu sagt mikinn mun á framkomu ákærðu í þeirra garð eftir því hvort faðir þeirra var viðstaddur eða ekki. Hún hefði ekki sýnt af sér ógnandi og vanvirðandi háttsemi gagnvart þeim að honum viðstöddum.

Fram kom hjá vitninu að við rannsókn barnaverndaryfirvalda hefði komið fram að börnunum liði vel í skólanum og að skólaganga þeirra gengi vel. Þá var upplýst að börnin hefðu ferðast til [...] sumarið 2019 með reiðufé falið innanklæða og í bakpoka. Fjármunina hefði ákærða verið sögð hafa nýtt til húsbyggingar á [...].

Að rannsókn barnaverndaryfirvalda lokinni kvað vitnið málinu hafa verið vísað til lögreglu með bréfi 13. nóvember 2020.

Þ sagði ákærðu hafa verið gifta föður sínum um tíma. Taldi vitnið að hjúskapur þeirra hefði verið ógiltur á þeim grunni að ákærða hefði þegar verið gift á [...] er til hjúskaparins var stofnað. Samband sitt við ákærðu kvað vitnið ávallt hafa verið á vinalegum nótum.

Eftir að ákærða og faðir vitnisins skildu kvaðst vitnið hafa þekkt ákærðu sem vin og starfsmann föður síns í fyrirtæki hans, [...]. Þar sagði vitnið ákærðu hafa gegnt hlutverki verkstjóra og síðari árin, eftir 2017, hefði hún séð um daglegan rekstur fyrirtækisins vegna langvarandi veikinda föður vitnisins. Sagði vitnið ákærðu bæði hafa haft aðgang að húsnæði og bifreið í eigu fyrirtækisins. Sjálft sagðist vitnið aldrei hafa verið fastur starfsmaður hjá [...]. Það hefði einungis sinnt nokkrum tilfallandi viðhaldsverkefnum.

Vitnið kvaðst hafa tekið við rekstri [...] í um tvær til þrjár vikur í febrúar 2021. Systir vitnisins, Æ, hefði síðan tekið við rekstrinum í mars 2021. Vitnið sagði ákærðu

hafa verið sagt upp störfum hjá [...] í kjölfar þess að mál þetta kom upp. Aðspurtt kvaðst vitnið hafa heyrt það utan af sér að starfsfólk [...] hefði kvartað undan ákærðu og talið hana hafa svindlað á sér með því að halda eftir hluta launa þeirra. Vitnið sagði föður sinn hafa talið þessar ásakanir haldlausar og til komnar vegna persónulegrar óvildar viðkomandi starfsmanna í garð ákærðu.

Æ sagði tengsl sín og ákærðu hafa verið lítil. Sambandi ákærðu við föður sinn lýsti vitnið sem stormasömu en vitnið hafði það eftir föður sínum að ákærða hefði bæði verið frek og skapstór. Vitnið kvaðst jafnframt hafa heyrt frá starfsmönnum [...] að þeir hefðu kvartað yfir framkomu ákærðu við starfsfólkið. Komið hefði sérstaklega fram að ákærða hefði öskrað á starfsfólkið.

Vitnið kvað ákærðu hafa verið verkstjóra í [...]. Ákærða hefði bæði haft aðgang að húsnæði og bifreið í eigu fyrirtækisins. Vitnið taldi að faðir þess hefði vegna veikinda sinna ekkert verið á vinnustaðnum síðustu fimm æviár sín. Vitnið sagðist hafa tekið við stjórn fyrirtækisins í mars 2021. Áður hefði Þ, bróðir vitnisins, verið búinn að stýra því í stuttan tíma. Tveimur dögum eftir að vitnið tók við hefði ákærða verið handtekin vegna máls þessa. Hún hefði verði látin fara frá fyrirtækinu í kjölfarið, enda um alvarlegar ásakanir að ræða. Ættingjar og venslafólk ákærðu hefðu hins vegar starfað þar áfram. Vitnið sagðist ekkert hafa vitað af vinnu stjúpbarna ákærðu í fyrirtækinu fyrr en eftir að mál þetta kom upp.

Fram kom hjá vitninu að það hefði starfað af og til í [...] frá því að foreldrar þess keyptu fyrirtækið árið [...]. Í dag væri vitnið einn eigenda [...] ásamt systkinum sínum og sæi um bókhald og tölvumál fyrirtækisins.

Ö kvað ákærðu hafa verið í hjúskap með föður sínum um tíma. Þá hefði ákærða séð um rekstur [...] allt þar til mál þetta kom upp. Hún hefði enn fremur hugsað um föður vitnisins í langvinnnum veikindum hans, eftir að þau voru skilin. Vitnið sagði ákærðu hafa verið sagt upp vegna málsins og vitnið og systkini þess tekið við rekstri [...]. Samband sitt við ákærðu sagði vitnið hafa verið ágætt.

Vitnið sagðist hafa sinnt ýmsum tilfallandi viðhaldsverkefnum í [...]. Það sem vitnið hefði þá séð til ákærðu hefði gert það að verkum að það hefði ekki haft áhuga á að vinna undir hennar stjórn. Nefndi vitnið í því sambandi að oft hefði því virst ákærða öskra á starfsfólkið, en vitnið gerði þó þann fyrirvara að það hefði ekki skilið það sem ákærða var að segja. Þá sagðist vitnið vita til þess að einhverjir starfsmenn hefðu komið að máli við systkini vitnisins fyrir nokkrum árum, 2013 eða 2014, og kvartað undan

ákærðu. Vitnið kvaðst hafa farið ásamt systkinum sínum og þau rætt við föður sinn. Hann hefði hins vegar tekið upp hanskan fyrir ákærðu og ekki viljað hlusta á umkvartanir starfsmannanna. Rak vitnið minni til þess að þær hefðu lotið að almennri framkomu ákærðu og einnig því að hún hefði verið að leggja að starfsmönnum að flytja peninga fyrir hana úr landi.

Ó bar að ákærða hefði verið gift föður hans um tíma. Samband sitt og ákærðu sagði vitnið ekki hafa verið sérlega gott. Vitninu hefði fundist ákærða vera úlfur í sauðargæru og hún ekki alltaf komið hreint fram. Ákærða hefði verið skapmikil og þeim tveimur ekki komið vel saman. Hafði vitnið það eftir starfsfólki í [...] að kvartað hefði verið yfir framkomu ákærðu.

Vitnið sagðist hafa starfað um tíma í [...]. Taldi vitnið að það hefði látið af störfum í byrjun árs 2018. Stjúpbörn ákærðu hefðu þá ekki verið komin þar til starfa.

Á kvaðst hafa séð um að færa bókhald [...] og greiða starfsmönnum laun. Vitnið sagðist vegna þess starfa hafa verið í samskiptum við ákærðu, en hún hefði verið hægri hönd G, eiganda fyrirtækisins. Allan þann tíma sem vitnið færði bókhald fyrir fyrirtækið, 15-20 ár, hefði ákærða séð um að senda vitninu upplýsingar varðandi reikningsgerð fyrir fyrirtækið og unninn tímafjöld starfsfólks. Vitnið kvaðst hafa sent launaseðla starfsmanna í tölvupósti til [...].

Fram kom hjá vitninu að það hefði rætt það við G að því fyndust vinnutímar stjúpbarna ákærðu ótrúlega margir. Hefði vitnið verið að velta því fyrir sér hvort verið væri að skrá á börnin tíma sem þau ynnu ekki. Vitnið hefði fengið þau svör ein frá G að börnin væru að vinna í [...].

Vitnið kvaðst vita til þess að ákærða hefði haft afnot af húsnæði í eigu [...]. Þá hefði hún verið með greiðslukort frá fyrirtækinu sem vitnið taldi að hún hefði notað persónulega bæði fyrir sig og G.

É, viðskiptafræðingur og sérfræðingur hjá lögreglustjóranum á [...], kvaðst undir rannsókn málsins hafa framkvæmt fjármálagreiningu á fjárhag ákærðu, eiginmanns hennar og fjögurra stjúpbarna. Vakið hefði athygli vitnisins að svo hefði virst að fjármunum fjölskyldunnar hefði verið safnað saman á reikningi ákærðu og þeir síðan sendir úr landi. Laun stjúpbarna ákærðu hefðu stoppað mjög stutt á reikningum þeirra. Þau hefðu ýmist strax verið millifærð á reikning ákærðu eða tekin út í reiðufé í heilu lagi. Vitnið sagði reikninga barnanna ekki hafa borið með sér neina notkun þeirra á þeim.

Vitnið kvað þá fjármuni sem komið hefðu inn á reikning ákærðu hafa verið laun hennar og innlagnir frá E og börnum hans. Fjármunirnir hefðu síðan verið sendir út með Western Union og MoneyGram á sömu aðila á [...] og nefndi vitnið J sérstaklega í því sambandi. Peningar hefðu einnig verið teknir út í reiðufé í erlendum gjaldeyri sem samkvæmt framburði vitna hefði síðan verið fluttur úr landi.

4

Ákærufli I, liður 1:

Í þessum ákærulið er ákærðu aðallega gefið að sök mansal, með því að hafa misnotað brotapolana A, B, C og D til nauðungarvinnu, er þau voru börn að aldri, en ákærða, sem var gift föður þeirra, er sögð hafa útvegað þeim dvalarleyfi hér á landi, flutt þau hingað til lands, hýst þau og útvegað þeim vinnu hjá [...] ehf. þar sem hún hafi starfað sem verkstjóri og stýrt daglegum rekstri fyrirtækisins. Ákærða hafi látið börnin A, B og C vinna í allt að 13 klukkustundir á dag, 6-7 daga vikunnar, og D í allt að tvær klukkustundir á dag, þrjá daga vikunnar. Laun barnanna, samtals að fjárhæð 16.219.623 krónur, hafi ákærða nýtt í eigin þágu en hún hafi ýmist millifært peninginn af reikningum þeirra yfir á sína eigin reikninga og greiðslukort, eða látið þau taka fjármuni út úr hraðbönkum og afhenda sér í reiðufé.

Upplýst er í málinu að ákærða og E gengu í hjúskap á [...] 2017. Þá liggur fyrir með framburði ákærðu og eiginmanns hennar að um það leyti fluttist hann ásamt börnum sínum fjórum í hús sem ákærða átti í [...]. Bar E fyrir dómi að ákærða hefði hvatt þau til að flytja í húsið og hefði hún séð um fyrir þau allt sem flutningunum tengdist, þar með talið að skrá börnin í skóla. Einnig hefði ákærða sent þeim peninga. Var framburður ákærðu fyrir dómi um þetta sambærilegur framburði E í öllum aðalatriðum.

Dómurinn telur ljóst af framburði ákærðu og E að ákærða hafi hvatt hann til að flytjast með börn sín til Íslands. Vísaði ákærða til þess fyrir dómi að sonur hennar hefði verið mjög áfram um að þau byggju öll saman og hann þráð að vera hluti af stórri og hamingjusamri fjölskyldu. Úr varð samkvæmt framburði ákærðu að hún fór utan og fylgdi E og börnum hans hingað til lands. Samkvæmt framburði E og elstu barna hans þriggja komu þau til landsins um miðjan [...]. Ákærða kannaðist við að hafa pantað flugið fyrir E og börnin og greitt fyrir þau flugfargjaldið. Ákærða kvaðst einnig hafa séð um samskipti við Útlendingastofnun vegna flutnings fjölskyldunnar hingað til lands og öflunar dvalarleyfa. Þessi framburður hennar er í samræmi við vætti E og einnig gögn málsins, þar með talið þau gögn sem skilað var inn til Útlendingastofnunar. Jafnframt

kannaðist ákærða við að hún hefði séð um samskipti í tengslum við skólavist barnanna hér á landi. Þá er upplýst að E og börn hans fluttu inn á heimili ákærðu að [...]. Enn fremur liggur fyrir að þaðan flutti fjölskyldan öll að [...], húsnæði er [...] keypti í því skyni að leigja hana út til búsetu fyrir ákærðu og fjölskyldu hennar.

Fyrir liggur með framburði ákærðu, vætti fjölda vitna, sbr. 3. kafla dómsins, og framlögðum launaseðlum að þrjú elstu stjúpbörn ákærðu, A, B og C, hófu störf í [...] eftir að þau fluttust hingað til lands. Þykir dómnum mega slá því föstu að ekki hafi liðið nema nokkrar vikur frá því að börnin komu til landsins þar til tvö þau elstu tóku að starfa þar. C hóf síðan störf þar nokkru síðar.

Svo sem rakið er í kafla 3 hér að framan bar yngsta stjúpdóttir ákærðu, D, við skýrslugjöf fyrir dómi í Barnahúsi undir rannsókn málsins, að hún hefði byrjað að starfa í [...] [...] ára gömul og hún unnið einn til tvo virka daga í viku hverri, auk þess að vinna um helgar. Þessi framburður stúlkunnar fær að mati dómsins ekki næga stoð í framburði annarra vitna. Þannig var nokkur samhljómur um það hjá þeim starfsmönnum [...], sem skýrslu gáfu fyrir dómi, að einungis þrjú elstu stjúpbörn ákærðu hefðu unnið þar. Að mati dómsins er upplýst að yngsta stjúpdóttir ákærðu hafi vissulega komið nokkuð oft á vinnustaðinn, og í einhverjum tilvikum innt einföld störf af hendi, en dómurinn telur hins vegar ekki sannað, svo hafið verði yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærða hafi látið hana vinna í [...] með þeim hætti sem henni er gefið að sök í ákæru. Verður ákærða því sýknuð af þeim sakargiftum.

Fram kom hjá ákærðu fyrir dómi að hún hefði verið hægri hönd eiganda [...], G, og að verkstjórn á vinnustaðnum hefði verið á hennar hendi. Á þeim tíma sem atvik máls gerðust hefði G að mestu verið hættur að mæta til vinnu vegna aldurs og bágrar heilsu. Hann hefði einungis litið inn við og við og stundum fært starfsfólkinu hressingu þegar mikið var að gera. Þessi framburður ákærðu er í samræmi við framburð eiginmanns hennar, elstu barna hans þriggja og vætti annarra starfsmanna [...] fyrir dómi. Liggur því fyrir að ákærða starfaði sem verkstjóri á vinnustaðnum og stýrði daglegum rekstri [...]. Einnig liggur fyrir með framburði ákærðu að hún hafði milligöngu um mannaráðningar í [...].

Fyrir dómi lýstu B, A og C mikilli vinnu sinni í [...] samhliða skóla, um helgar og í sumarleyfum frá skóla. Framburður brotapolanna um umfang vinnu þeirra fær eindregna stoð í framburði föður þeirra. Þegar horft er heildstætt á framburð annarra starfsmanna [...] um umfang vinnu barnanna, en framburður þeirra er reifaður í 3. kafla

dómsins, þykir dómnum sá framburður veita framburði barnanna styrka stoð. Þá eru launaseðlar barnanna og framlögð bankagögn um launagreiðslur þeim til handa framburðinum einnig til stuðnings. Telur dómurinn að þegar allt framangreint er metið heildstætt teljist ákærvaldinu hafa tekist að sanna að umfang vinnu barnanna hafi verið mikið og þau að jafnaði unnið 6-7 daga vikunnar og í allt að 13 vinnustundir á dag.

Upplýst er í málinu að B, A og C fengu laun fyrir vinnu sína greidd inn á bankareikninga sína. Börnin fullyrða öll að þau hafi hins vegar í engu notið launanna og var framburður föður þeirra á sömu lund. Upplýst er með framburði ákærðu og vætti barnanna og föður þeirra að ákærða hafi haft debetkort barnanna í sínum vörslum. Þá hafa börnin fullyrt að ákærða hafi ávallt látið þau taka launin út og hún hafi síðan tekið þau til sín og ráðstafað þeim. Umtalsverðan hluta launanna hafi hún síðan sent utan til [...] til að kosta húsbyggingu þar. Framburður ákærðu, framlögð bankagögn og fjármálagreining, sem lögregla framkvæmdi, styðja eindregið framburð brotapolanna þriggja. Þá kom fram hjá É, viðskiptafræðingi og sérfræðingi hjá lögreglustjóranum á [...], fyrir dómi, en hún vann tilvitnaða fjármálagreiningu, að svo hefði virst að fjármunum fjölskyldunnar hefði verið safnað saman á reikningi ákærðu og þeir síðan sendir úr landi. Laun stjúpbarna ákærðu hefðu stoppað mjög stutt á reikningum þeirra. Þau hefðu ýmist strax verið millifærð á reikning ákærðu eða tekin út í reiðufé í heilu lagi. Vitnið sagði reikninga barnanna ekki hafa borið með sér neina notkun barnanna á þeim. Þeir fjármunir sem komið hefðu inn á reikning ákærðu hefðu verið laun hennar og innlagnir frá E og börnum hans. Fjármunirnir hefðu síðan verið sendir út með Western Union og MoneyGram á sömu aðila á [...] og nefndi vitnið J sérstaklega í því sambandi. Peningar hefðu einnig verið teknir út í reiðufé í erlendum gjaldeyri sem samkvæmt framburði vitna hefði síðan verið fluttur úr landi. Samkvæmt öllu þessu þykir dómnum sannað, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að laun B, A og C hafi að engu leyti verið þeim til ráðstöfunar heldur hafi ákærða tekið þau til sín og ráðstafað þeim í sína þágu.

Þegar allt það er virt heildstætt sem dómurinn telur sannað samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins að ákærvaldinu hafi tekist að sanna að ákærða hafi, af ásetningi, misnotað brotapolana A, B og C til nauðungarvinnu, er þau voru börn að aldri, með þeim hætti sem nánar er lýst í ákæru og fjallað er um hér að framan, og nýtt sér laun þeirra í eigin þágu. Með þeirri háttsemi sinni braut ákærða gegn ákvæði 2. töluliðar 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem réttilega er vísað til í ákæru.

Ákærufli I, liður 2:

Í þessum ákærulið er ákærðu gefið að sök brot í nánú sambandi og brot gegn barnaverndarlögum, með því að hafa með þeirri háttsemi sem lýst er í 1. tölulið I. kafla ákæru og með því að hafa ítrekað, endurtekið, á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt gert lítið úr börnunum og frammistöðu þeirra, kallað þau aumingja, öskrað á þau, bæði á vinnustað þeirra í [...] og á heimilum þeirra að [...] og [...], bannað þeim að stunda tómstundir og hitta vini sína, meinað börnunum A og B að fara í framhaldsskóla að grunnskólanámi loknu og haft í hótunum um að senda þau aftur til [...]. Með því hafi ákærða misboðið börnunum og vanrækt þau andlega og líkamlega og ógnað heilsu og velferð þeirra og jafnframt sýnt af sér vanvirðandi háttsemi, yfirgang og ruddalegt og ósiðlegt athæfi í þeirra garð.

Sakargiftir á hendur ákærðu samkvæmt þessum ákærulið eru að stærstum hluta reistar á framburði brotaþola. Til þess er að líta að fyrir dómi könnuðust börnin ekki við að ákærða hefði meinað A og B að fara í framhaldsskóla. Þvert á móti hefði hún hvatt þau til náms. Þá þykir dómnum þær sakargiftir sem lýst er í ákærulið 2, I. kafla ákæru, og lúta að því að ákærða hafi ítrekað, endurtekið, á alvarlegan og sérstaklega sársaukafullan og meiðandi hátt gert lítið úr börnunum og frammistöðu þeirra, ekki hafa fengið næga stoð í framburðum vitna fyrir dómi, barnanna þar með talið. Hið sama er að segja um þær sakargiftir að ákærða hafi meinað börnunum að stunda tómstundir og hitta vini sína. Verður ákærða því sýknuð af þeim sakargiftum. Af þeirri niðurstöðu leiðir að ákærða verður alfarið sýknuð af sakargiftum gagnvart yngstu stjúpdóttur sinni samkvæmt ákærulið 2 í ákærufli I. Af henni leiðir einnig að ákærða verður jafnframt sýknuð af ákæru um brot gegn 1. mgr. 98. gr. og 1., sbr. 3., mgr. 99. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Dómurinn telur aftur á móti sannað með framburði B, A og C að ákærða hafi ítrekað hót að senda þau aftur til [...]. Sú háttsemi sem lýst er ákærulið 1 í ákærufli I, og ákærða hefur verið sakfelld fyrir, stóð yfir í langan tíma og í henni fólst frekleg misnotkun á yfirburðastöðu ákærðu gagnvart brotaþolonum þremur. Er það mat dómsins að með þeirri háttsemi hafi ákærða á alvarlegan hátt ógnað velferð stjúpbarna sinna. Í ljósi þess sem að framan er rakið verður að telja að brot hennar hafi verið stórfellt. Verður ákærða því sakfelld fyrir að hafa með lýstri háttsemi brotið gegn 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærufli II:

Í þessum ákærukafla er ákærðu gefið að sök peningabætti með því að hafa á tímabilinu frá maí 2018 til nóvember 2020 aflað sér, nýtt og leynt ávinningi af brotum samkvæmt 1. lið I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 16.219.623 krónur. Hafi ákærða nýtt ávinninginn í eigin þágu og umbreytt hluta hans, alls 10.786.709 krónum, yfir í erlendan gjaldeyri sem hún hafi síðan flutt úr landi til [...] þar sem hann hafi meðal annars verið notaður til að fjármagna byggingu húsnæðis í eigu ákærðu þar í landi.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærða verið sakfelld fyrir mansal með því að hafa á tímabilinu apríl 2018 til nóvember 2020 misnotað brotapolana A, B og C til nauðungarvinnu og nýtt laun barnanna, samtals 16.219.623 krónur, í eigin þágu. Eins og áður var slegið föstu liggur ekkert fyrir um það í málinu að brotapolar hafi fengið nefnda fjárhæð að neinu leyti sér til ráðstöfunar. Þá liggur fyrir, samkvæmt fjármálagreiningu lögreglu og þeim bankagögnum sem lögregla aflaði undir rannsókn málsins, að stórum hluta launanna, eða 10.786.709 krónum, umbreytti ákærða í erlendan gjaldeyri sem hún síðan flutti úr landi til [...]. Dómurinn telur upplýst að þeir fjármunir hafi að miklu leyti verið notaðir til húsbyggingar á lóð sem ákærða á og hafði eignast áður en hún gekk í hjónaband með föður brotþola.

Fyrir dómi kannaðist ákærða við að fjármunum sem fluttir hefðu verið úr landi og til [...] hefði, að minnsta kosti að nokkru leyti, verið ráðstafað þar til byggingar húss, fyrir fjölskylduna að hennar sögn, oft og tíðum með milligöngu frænda ákærðu, J að nafni. Ákvörðun um byggingu hússins kvað ákærða fjölskylduna hafa tekið í sameiningu. Húsið hefði verið byggt á lóð ákærðu, þar sem eldra hús hennar hefði staðið, en það hefði verið rífið árið 2019. Lóðina hefði ákærða keypt áður en hún kom hingað til lands í öndverðu en hún hefði stækkað hana eftir að hún fór að vinna hér á landi. Var á ákærðu að skilja að byggingu hússins væri lokið. Húsið sagði ákærða vera á sínu nafni.

Dómurinn telur samkvæmt framansögðu sannað að stærstum hluta launa brotþolanna þriggja hafi verið ráðstafað í byggingu húss á [...]. Upplýst er að húsið stendur á lóð ákærðu og þá hefur hún viðurkennt að húsið sé á hennar nafni. Þá er ákærða tilgreind sem eigandi og sá aðili sem hyggist láta reisa húsið á framlögðum drögum að byggingarverksamningi. Að þessu gættu, og með vísan til annars þess sem dómurinn hefur slegið föstu samkvæmt framansögðu, telur dómurinn sannað að ákærða hafi aflað sér, nýtt og leynt ávinningi af brotum samkvæmt 1. lið I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 16.219.623 krónur, og nýtt ávinninginn í eigin þágu og umbreytt hluta hans, alls 10.786.709 krónum, yfir í erlendan gjaldeyri sem hún síðan flutti úr landi til [...] þar sem

hann var meðal annars notaður til að fjármagna byggingu áðurgreinds húsnæðis í hennar eigu. Með þeirri háttsemi sinni braut ákærða gegn 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og réttilega er vísað til í II. kafla ákæru.

5

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærðu ekki áður verið gerð refsing.

Ákærða er í málinu sakfelld fyrir mansal, peningaþvætti og brot í nánu sambandi. Brot ákærðu beindust gegn stjúpbörnum hennar og horfa þau tengsl til refsibýngingar, sbr. 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, varðandi þrjú fyrstgreindu brotin. Ásetningur ákærðu var einbeittur og nýtti hún sér freklega þá yfirburðastöðu sem hún var í gagnvart börnunum. Þá stóðu brotin yfir í langan tíma, eða í um tvö ár. Verður ekki séð að ákærða eigi sér nokkrar málsbætur. Samkvæmt þessu verður litið til ákvæða 1., 2., 6. og 7. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærðu.

Að framangreindu virtu þykir refsing ákærðu réttilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Ekki eru skilyrði til þess skilorðsbinda refsinguna. Henni til frádráttar kemur gæsluvarðhald sem ákærða sætti, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940, frá 17. til 18. mars 2021 að fullri dagatölu.

6

Samkvæmt niðurstöðu dómsins hér að framan ber að vísa bótakröfu brotapolans D á hendur ákærðu frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í málinu krefjast brotapolarnir B, C og A skaða- og miskabóta úr hendi ákærðu, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. desember 2018, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi er liðinn var mánuður frá birtingu bótakröfunnar.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að ákærða hafi brotið gegn brotapolunum þremur. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærða bakað sér bótaábyrgð gagnvart þeim á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá ber ákærða samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar fébótaábyrgð á því fjártjóni sem af brotum hennar leiddi.

Bætur fyrir miska skulu ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þykir og við mat á fjárhæð þeirra skal einkum líta til alvarleika brotsins, sakarstigs brotamanns, huglægrar upplifunar brotþola og loks umfangs tjónsins. Með vísan til þess sem áður hefur verið rakið um brot ákærðu þykja miskabætur til handa B og A réttilega ákvarðaðar 2.000.000

króna til hvors þeirra um sig. Bætur til handa C þykja réttilega ákvarðaðar 1.500.000 krónur.

Brotápolar gera kröfu um að ákærðu verði gert að bæta þeim það fjártjón sem af brotum hennar leiddi. Eins og áður var rakið hefur dómurinn slegið því föstu að ákærða hafi tekið laun barnanna fyrir vinnu þeirra í [...] til sín og að börnin hafi í engu notið þeirra. Kröfur brotápolanna þriggja byggjast tölulega á þeirri fjármálagreiningu sem lögregla framkvæmdi og þeim gögnum er greiningunni liggja til grundvallar. Verður ákærða dæmd til þess að bæta brotápolunum fjártjón þeirra, sem í tilvikum þeirra allra liggur í útteknu reiðufé af reikningum þeirra og millifærslum til ákærðu, auk innborgana á kreditkort ákærðu í tilviki B. Nemur fjártjón hans 7.096.413 krónum, fjártjón A 6.271.025 krónum og fjártjón C 2.852.185 krónum.

Um vexti og dráttarvexti af kröfum brotáþola fer svo sem í dómsorði greinir, en kröfur þeirra voru birtar samhliða birtingu fyrirkalls í málinu 19. nóvember 2021.

7

Samkvæmt 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar 1) brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og 2) það getur varðað að minnsta kosti sex ára fangelsi.

Brot samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 227. gr. a. almennra hegningarlaga varða allt að 12 ára fangelsi. Fjárhagslegt andlag mansals- og peningabættisbrota ákærðu samkvæmt ákærukafla I, lið 1, og ákærukafla II nam samkvæmt framansögðu 16.219.623 krónum.

Upptökukrafa ákæruvalds er reist á áðurrökta ákvæði 1. mgr. 69. gr. b. almennra hegningarlaga. Það er ekki skilyrði fyrir upptöku verðmæta samkvæmt ákvæðinu að hin haldlögðu verðmæti séu afrakstur þeirra refsiverðu brota sem sakfelld er fyrir í viðkomandi máli. Samkvæmt því og með vísan til annars þess sem að framan er rakið þykja uppfyllt lagaskilyrði til að fallist verði á upptökukröfu ákæruvalds. Verða því gerðar upptækar þær samtals 835.000 krónur sem lögregla haldlagði við leit á heimili ákærðu 16. mars 2021 og þær 1.544.000 krónur sem haldlagðar voru á bankareikningi ákærðu í Landsbankanum 18. mars 2021.

Brotápolar, A, B og C, krefjast þess í málinu að hinir uppteknu fjármunir, samtals 2.379.000 krónur, verði nýttir til greiðslu á bótakröfum þeirra. Er sú krafa gerð með vísan til 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafa kröfuhafa um ráðstöfun hinna uppteknu fjármuna sætir ekki andmælum af hálfu ákærvalds. Að því gættu og þar sem uppfyllt eru skilyrði 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga verður á hana fallist og skal hin upptekna fjárhæð, samtals 2.379.000 krónur, ganga til greiðslu krafna brotþola að jöfnu, þ.e. 793.000 krónur til hvers þeirra um sig.

8

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærðu gert að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, og útlagðan ferðakostnað verjandans. Með sömu rökum verður ákærðu einnig gert að greiða $\frac{3}{4}$ hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþolanna fjögurra, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, og útlagðan ferðakostnað lögmannsins. Þóknun verjanda og réttargæslumanns þykir að virtu umfangi málsins og með hliðsjón af tímaskýrslum lögmannanna réttilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 17. til 18. mars 2021 að fullri dagatölu.

Ákærða greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Ástu Bjarkar Eiríksdóttur lögmanns, 4.129.200 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum, og útlagðan ferðakostnað verjanda, 80.640 krónur. Þá greiði ákærða $\frac{3}{4}$ hluta þóknunar skipaðs réttargæslumanns brotþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 1.757.700 krónur, en þóknunin nemur í heild 2.343.600 krónum að virðisaukaskatti meðtöldum. Þá greiði ákærða útlagðan ferðakostnað réttargæslumanns, 68.904 krónur.

Ákærða sæti upptöku á 835.000 krónum sem lögregla haldlagði við leit á heimili hennar 16. mars 2021 og 1.544.000 krónum sem haldlagðar voru á bankareikningi hennar í Landsbankanum 18. mars 2021.

Kröfum brotþolans D er vísað frá dómi.

Ákærða greiði brotþolanum A 8.271.025 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2021 til 19. desember 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði brotapolanum B 9.096.413 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2021 til 19. desember 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði brotapolanum C 4.352.185 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. febrúar 2021 til 19. desember 2021, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þeim fjármunum sem ákærðu er gert að sæta upptöku á í málinu, samtals 2.379.000 krónum, skal ráðstafað til greiðslu á dæmdum kröfum brotapolanna A, B og C að jöfnu, þ.e. 793.000 krónum til hvers þeirra um sig.

Kristinn Halldórsson